

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags leikskólakennara**

128. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags leikskólakennara var haldinn föstudaginn 29. september 2023. Fundurinn fór fram í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 11:00.

Á fundinum voru f.h. FL, Haraldur F. Gíslason og f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Raket Guðmundsdóttir, Margrét Sigurðardóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Pá var gengið til dagskrár.

1. Launamunur milli félagsmanna FL og starfsfólks sveitarfélaga sem fær viðbótarlaun á sérstök starfsheiti og á aðild að stéttarfélögum innan ASÍ og BSRB.

Aðilar eru sammála um að í þeim undantekningatilfellum þar sem launamunur er á milli starfsheita starfsfólks sveitarfélaga í sambærilegum störfum hjá Félagi leikskólakennara (FL) annars vegar og félagsmanna sem starfa á leikskólum og aðild eiga að stéttarfélögum innan ASÍ og BSRB, vegna ákvarðana um sérstakar greiðslur lægstu launa og viðbótarlaun til einstaka starfsheita starfsfólks leikskóla, verði sá launamunur bættur félagsmönnum FL með mánaðarlegri greiðslu á grundvelli gr. 1.1.6 um Önnur laun í kjarasamningi SNS og FL.

Greiðslurnar skulu greiddar á tímabilinu frá 1. október 2023 til 31. mars 2024. Með framangreindu er átt við launamun í föstum launakjörum að teknu tilliti til allra þátta, þ.m.t. dagvinnulauna skv. launatöflu, persónubundnum launamyndunarþáttum og viðbótargreiðslna á grundvelli ákvæða viðkomandi kjarasamninga um önnur laun sem starfinu fylgja s.s. vegna samkomulags um jöfnun launa milli markaða, sem og annarra fastlaunasamninga. Til viðmiðunar um fjárhæð greiðslna til einstakra starfsheita skv. meðfylgjandi fylgiskjali samningsaðila.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 11:30.